



Reykjavík, 8.10. 2021

Árni Davíðsson,
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis,
Þverholt 2
270 Mosfellsbær


Rannsókn olíuefnum í fimm vatnssýnum (RLE nr: 212900)

Fimm vatnssýni í glerflöskum bárust til rannsóknar 29. september 2021.
Óskað var eftir greiningu á olíuefnum (díselolíu) í sýnunum.
Sýnin voru tekin 29. september 2021 og merkt nr. 1 – 5.

Sýnin voru úrhlotuð (500 ml hvert) með hexani p.a. og var lausn af brómóbenseni notuð sem innri staðall. Staðlar voru útbúnir með því að blanda díselolíu í afjónað vatn og meðhöndla á sama hátt og sýnin. 1 µl af hexan fasanum var síðan greindur í gasgreini með loga-skynjara (Agilent6890, súla DB-1) og sýnin og staðall borin saman.

Vottur af díselolíu sást í sýnum nr. 2 og 3, en magnið var undir magngreiningarmörkum aðferðarinnar, sem eru við u.þ.b. 0,2 mg/l (ppm). Engin olíuefni sást í öðrum sýnum.

F.h. Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði,


Elín V. Magnúsdóttir, sérfræðingur